



Spáum 3,8% verðbólgu í nóvember

Hagstofan birtir októbermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) föstudaginn 27. nóvember. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,37% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar verðbólgu úr 3,6% í 3,8%.

VNV [hækkaði um 0,43% milli mánaða](#) í október.

Mælingin var hærri en búist var við, en opinberar spár lágu á bilinu +0,2% til +0,35%. Við höfðum spáð +0,35%.

Helstu undirliðir:

- **Matur og drykkjarvörur** hafa hækkað að meðaltali um 0,8% milli mánaða síðan í vor, þar af um 1,0% í október. Við eigum von á að heldur dragi úr hækkunartaktinum núna.
- **Föt og skór** hækkuðu minna í október en við áttum von á. Við teljum að gengisáhrifin sem við væntum þá muni koma fram núna í nóvember í staðinn.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,4 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,17 prósentustig til lækkunar. Samantekið spáum við því að reiknuð húsaleiga hækki um 0,23%.
- Við eigum von á að **húsgögn og heimilisbúnaður** hækki vegna gengisáhrifa.
- Eftir að Covid-19-faraldurinn skall á hefur Hagstofan haldið **flugfargjöldum til útlanda** næstum óbreyttum. Við eigum von á að svo verði áfram þar til flug til og frá landinu kemst aftur í eðlilegt horf.


Eigum von á að verðbólgu nái hámarki í janúar

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Des.: +0,27% milli mánaða, 4,0% ársverðbólga
- Jan. : -0,38% milli mánaða, 4,4% ársverðbólga
- Feb. : +0,57% milli mánaða, 4,0% ársverðbólga

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Matur og drykkjarv.	15,3%	0,59%	0,09%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,03%	0,00%
Föt og skór	3,6%	1,59%	0,06%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,9%	0,24%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,23%	0,04%
Húsgögn og heimilisb.	5,7%	1,25%	0,07%
Heilsa	4,3%	0,50%	0,02%
Ferðir og flutningar (annað)	4,4%	0,13%	0,01%
Kaup ökutækja	6,1%	0,62%	0,04%
Bensín og díselolía	3,2%	-0,70%	-0,02%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	-1,00%	-0,01%
Póstur og sími	1,5%	0,09%	0,00%
Tómst. og menning	10,1%	0,30%	0,03%
Menntun	0,5%	-0,19%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,0%	-0,16%	-0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,4%	0,47%	0,03%
Alls	100,0%		0,37%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir í spánni eru:

1. Gengi krónunnar

Seðlabankinn (SÍ) hefur aukið virkni sína á gjaldeyrismarkaði síðustu mánuði. Hlutdeild SÍ í heildarveltu var 66% í október samanborið við 49% í ágúst og september og 19% fyrstu 7 mánuði ársins. Krónan hefur styrkst um 1,7% á móti evru frá því sem hún var veikust 28. október síðastliðinn. Það er nokkur óvissa um gengisþróun næstu mánuði og er viðbúið að þróun krónunnar muni áfram verða einn megináhrifaþáttur verðbólguþróunar hér á landi.

2. Húsnæðisverð og áhrif vaxtabreytinga

Vaxtalækkarnir virðast hafa ýtt undir verðhækkarnir á húsnæði. Við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram næstu mánuði, þ.e.a.s. að íbúðaverð hækki áfram milli mánaða. Mælingar Hagstofunnar á markaðsverði húsnæðis hafa sveiflast nokkuð milli mánaða síðustu mánuði sem veldur óvissu um stakar mælingar.

Líklegt er að áhrifa vaxtalækkana til lækkunar verðbólgu muni gæta áfram næstu mánuði þar sem gera má ráð fyrir því að fólk haldi áfram að endurfjármagna íbúðalán á hagstæðari kjörum.


3. Heimsmarkaðsverð á olíu

Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði verulega þegar heimsfaraldurinn skall á. Í vikunni hækkaði olíuverð í kjölfar jákvæðra fréttu um bóluefni við Covid-19. Fari olíuverð aftur í gildi sem voru fyrir heimsfaraldurinn mun það skila sér í hærri verði á eldsneyti hér á landi.

4. Alþjóðleg verðbólga


Útlit er fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar verði lág á yfirstandandi ári, sem ætti að hjálpa til við að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Verði raunin önnur mun það að öðru óbreyttu þýða meiri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

Verðbólguþróun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Mánaðarbreyting VNV í nóvember



Nóv. '20 er spá Hagfræðideildar

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarbreyting VNV



Nóv. 20 - feb. 21 er spá Hagfræðideildar

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.